

Íslenska 4. bekkur

Kennarar: Brynhildur Svala Snorradóttir; Guðfinna Dröfn Aradóttir

4

Skólaárið

2023 - 2024

Helstu námsþættir vetrarins

Kennt er samkvæmt aðferðum Vörðum og vegvísir þar sem kennslan fer fram í hringekju. Í upphafi hverrar viku er ítarlegur innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Leitast er eftir að vinna eftir fjölbreyttum kennsluáferðum, s.s. leiðsagnarnám, orð af orði, bein kennsla/innlögn, námsleikir, hópavinna, leikræn tjáning, umræður, heimildavinna, verklegar æfingar, útikennsl o.fl.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Ágúst - október : Lestur og bókmenntir, ritun, málfræði, skrift, talað og hlustað. Fjölbreytt vinna í hringekju sem byggir m.a. á textum úr barnabókum, fræðitextum, ljóðum og námsbókum.

Nóvember - desember : Lestur og bókmenntir, ritun, málfræði, skrift, talað og hlustað. Fjölbreytt vinna í hringekju sem byggir m.a. á textum úr barnabókum, fræðitextum, ljóðum og námsbókum.

Janúar - febrúar : Lestur og bókmenntir, ritun, málfræði, skrift, talað og hlustað. Fjölbreytt vinna í hringekju sem byggir m.a. á textum úr barnabókum, fræðitextum, ljóðum og námsbókum.

Mars - apríl : Lestur og bókmenntir, ritun, málfræði, skrift, talað og hlustað. Fjölbreytt vinna í hringekju sem byggir m.a. á textum úr barnabókum, fræðitextum, ljóðum og námsbókum.

Maí: Lokaverkefni, nemendur semja sína eigin sögu, búa til bók og myndskreyta. Þeir nýta alla námsþætti sem áhersla hefur verið lögð á yfir veturinn, s.s. uppbyggingu texta, ritun, málfræði, lestur og lesskilning.

Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara.

Niðurstöðum námsmats er safnað í námsmatsmöppur/ferilmöppur sem nemendur fara með heim jafnt og þétt yfir skólaárið.

Reglulega eru valin vel unnin verkefni sem safnað er í sýnismöppu.

Í talað og hlustað er jafningjamat í lok hvers tíma (tvær stjörnur og ein ósk).

Þrisvar sinnum á skólárinu er lagt fyrir lesfímipróf Menntamálastofnunar. Einnig er lesskilningsskimunin Orðarún lögð fyrir.

Í lok hvorrar annar eru lagðar fyrir kannanir til að meta hæfni nemenda.

Námsgögn

Bækur af bókasafni og lestrarbækur af leslista skólans

Verkefni af vef 123skoli.is og af vef Leikur að læra

Vörður og vegvísir; amboð í íslensku fyrir 4. bekk

Ítalíuskript

Lesrún

Ritrún

Ýmsar sögu- og fræðibækur

Verkefni af mms.is og af Skólavefnum

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

AS Íslenska 4. bekkur 2019 - 2024 - Talað mál og hlustað

- sagt frá atburðum og/eða upplifunum fyrir framan hóp og nýtt sér gildi góðrar framsagnar
- hlustað með athygli og greint frá aðalatriðum þess sem fram kom

AS Íslenska 4. bekkur 2019 - 2024 - Lestur og bókmenntir

- beitt aðferðum við umskráningu ljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- beitt einföldum ljóða- og bókmenntahugtökum
- nýtt sér mismunandi aðferðir við lesturinn og skilning á texta, einföldum skýringarmyndum og táknum
- nýtt sér góðan orðaforða við að skilja texta og ráða í merkingu hans út frá samhengi

AS Íslenska 4. bekkur 2019 - 2024 - Ritun

- skrifað skýrt og læsilega
- beitt aldurssamsvarandi stafsetningarreglum við ritun og gerð texta
- skrifað texta og beitt sköpun og/eða farið eftir fyrirmælum þar sem stuðst er við aldurssamsvarandi ritreglur

AS Íslenska 4. bekkur 2019 - 2024 - Málfræði

- þekkt helstu orðflokka og veit að þeir lúta ákveðnum reglum við gerð málsgreina
- beitt töluðu og rituðu máli af nokkru öryggi með góðum orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska